

LBU-012-2 Móttaka á lyktarsterkum úrgangi

Ábyrgðarmaður Yfirverkfræðingur þróunar- og tæknideildar

1.0 Tilgangur og umfang

Að lýsa hvernig móttöku á lyktarsterkum úrgangi á urðunarstað er háttað.

Eftirfarandi úrgangsflokkum eru að öllu jöfnu vísað þangað:

- 12126 Seyra/hrat/eðja 20-50% þurrefni;
- 12132 Seyra/hrat/eðja >50% þurrefni;
- 12138 Sláturúrgangur 3. áhættuflokkur - í lausu;
- 12119 Dýrahæ 2. áhættuflokkur;
- 12131 Ölgerðarhrat;
- 12127 Málningarúrgangur/ristarúrgangur 20-50% þe.;
- 12133 Málningarúrgangur/ristarúrgangur >50% þe.

2.0 Móttaka farma

Starfsmaður urðunarstaðar opnar fyrir viðskiptavinum á vigt og vísar honum á aðstöðuna. Hann útskýrir fyrir viðskiptavininum ferli við móttöku telji hann þörf á því.

Starfsmaður bíður eftir að bíllinn fari nógu langt svo engin hættu stafi af honum og gengur þá í átt að aðstöðunni.



Mynd 1. Aðstaða til að taka á móti lyktarsterkum úrgangi.

3.0 Undirbúningur

Þegar viðskiptavinur bíður við **rautu** ljós, tryggir starfsmaður að aðstaðan sé tilbúin til að taka á móti farminum, athugar að enginn aðskotahlutur sé við eða á innkeyrslu og tekur keiluna sem lokar fyrir hana frá.

-Sé um dælubíl að ræða, undirbýr hann stútinna svo hægt sé að tengjast honum.


-Sé um gám að ræða, skrifar hann frá vatninu með því að opna loka á tanki/tönkum, opnar svo lúguna og setur **handvirka fallöryggið** á. Þegar lúgan er opin blikkar **gult** vinnuljós/viðvörðunarljós.

Starfsmaður gefur bílstjóra merki með því að kveikja á **grænu** ljósi og slökkva á því rauða með sama takka.

4.0 Losun farms

Bílstjóri bakkar að stútnum/lúgunni. Starfsmaður fylgist með og gefur bílstjóra merki með því að nota ljósin.

Bílstjórinn tengir dælubílinn við stútinn eða opnar gáminn. Einungis er tekið á móti gámum sem hægt er að opna frá hlið.



Mynd 2. Aðstaða til eftirlits (skjár) og stýringar á lúgu (keðjutalía) og loku (glussadrif). Neyðarstopp.

Þegar lúgan er opin þarf starfsmaður ávallt að fylgjast með losun bæði á skjá þar sem mynd úr myndavélum ofan við lúguna er sýnd og gegnum gluggana til að tryggja öryggi og ekkert óeðlilegt felist í farminum. Hann gefur bílstjóra merki með því að nota ljósin. Um leið og bíllinn er farinn frá og eftir að starfsmaður hefur fullvissað sig um að „enginn sé í lúgunni“ lokar hann lúguna og opnar svo rennilokuna. Starfsmaður þarf að halda takkanum inn/stönginni niður til að stjórna lúgunni eða lokunni. Ekki er hægt að opna renniloku þegar lúga er opin.

Þegar um losun gegnum stútinn er að ræða, er starfsmanni heimilt að yfirgefa móttökunna t.d. til að afgreiða aðra viðskiptavina og ganga frá eftir á.

5.0 Afgreiðslu lokið

Starfsmaður klárar afgreiðslu með útvigtun og með því að skrá farminn í réttan flokk í vigtarhúsi. Einnig leggur hann álagsgjald á eins og við á, sjá nánar í leiðbeiningu [LBU-033](#).